

Alþingi
Erindi nr. P 132/1608
komudagur 12.4.2006



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara allsherjarnefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 12.04.2006
Tilv. 2005/0037
GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 619. mál, frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot) (132. löggjafarþing)


Vísað er til bréfs yðar, dags. 27. mars sl., um ofangreint þingmál.

Meðal hlutverka embættis talsmanns neytenda er skv. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 62/2005 að setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“.

Vil ég lýsa yfir stuðningi við frumvarpið og legg ekki til neinar breytingar á því.

Ég vil taka fram að ég tel ríka ástæðu til þess að dómsmálaráðherra kynni opinberlega og á auðskiljanlegan hátt efni laganna, verði frumvarpið samþykkt, og þýðingu ákvæða þeirra í raunhæfum tilvikum fyrir almenning. T.a.m. er mikilvægt að mínu mati að neytendur geri sér grein fyrir refsivernd þeirra réttinda sinna að fá ekki sent efni sem er ekki aðeins óæskilegt og í sumum tilvikum óumbeðið heldur refsivert að hafa í vörslum sínum. Legg ég áherslu á að slík kynning eigi sér stað um leið og frumvarpið verður samþykkt, komi til þess, enda er gert ráð fyrir að að lögin öðlist þegar gildi.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,


Gísli Tryggvason.

Afrit: Dómsmálaráðuneyti; b.t. Rögnu Árnadóttur.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar áiitsgerðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrir mælum frá öðrum